

Fundargerð 910. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 20. maí kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson, Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Haraldur Sverrisson.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri, Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri, Sigurður Ármann Snævarr sviðsstjóri og Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Gunnar Einarsson boðaði forföll, varamaður hans Haraldur Sverrisson mætti í hans stað. Rakel Óskarsdóttir og Haraldur Sverrisson tóku þátt í fundinum með aðstoð fjarfundabúnaðar.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 909. fundar - 2201008SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 909. fundar stjórnar sambandsins frá 27. apríl 2022.

Fundargerðin var staðfest án athugasemda.

2. Stefnumörkun um samstarf sveitarfélaga - 2202025SA

Lagt fram til kynningar og umræðu minnisblað leiðtoga stafræns umbreytingateymis og breytingastjóra sambandsins, dags. 18. maí 2022, um stefnumótun um stafræna umbreytingu sveitarfélaga og samstarf. Einnig lögð fram skýrsla KPMG um greiningu á skrifstofuhugbúnaðarumhverfi sveitarfélaga, dags. í apríl 2022.

Fjóla María Ágústsdóttir kynnti nýtt stafrænt fjárhagsaðstoðarkerfi og gerði jafnframt grein fyrir helstu niðurstöðum í skýrslu KPMG ásamt því að svara spurningum fundarmanna.

Í skýrslu KPMG kemur skýrt fram að stafræn þróun er komin til að vera. Innri upplýsingatæknikerfi sveitarfélaga þurfa að styðja við aukinn hraða í þróun, sjálfvirkni og gagnavinnslu auk þess sem huga þarf betur að samvirkni þeirra kerfa sem á að nota. Almennt hafa upplýsingatækniumhverfi sveitarfélaga ekki haldið í við þróun síðustu ára og víða er mikil vinna framundan við að taka upp rafræna skjalavistun og gagnaskil, auk fleiri brýnna verkefna. Sveitarfélög þurfa því að setja í algeran forgang að móta stafrænar stefnur sem stuðla að því að þau haldi í við þá þróun í stað þess að bregðast við orðnum hlut.

Stjórnin þakkaði Fjólu Maríu fyrir greinargóða kynningu. Framkvæmdastjóra

var falið að undirbúa áframhaldandi umfjöllun um málið á vinnufundi stjórnar í júní nk. og á landsþingi í september.

Rakel Óskarsdóttir vék af fundi kl. 13.10.

3. Skýrsla starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 - 2111016SA

Fyrir fundinum lá frammi skýrsla starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018, dags. í apríl 2022. Fylgiskjal með þeirri skýrslu er samantekt starfshóps um kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk 2018-2020, sem hefur að geyma mikilvægar upplýsingar um ástæður versnandi rekstrar í þessum málaflokki. Haraldur L. Haraldsson og Arnar Haraldsson gerðu grein fyrir meginniðurstöðum þessara skýrslna og svöruðu spurningum fundarmanna.

Sem dæmi um brýn verkefni sem blasa við í þessum málaflokki er að gera fimm ára áætlun um að leggja niður herbergjasambýli og vinna á biðlistum eftir sértækum búsetuúrræðum. Fyrir liggja tillögur um fjármögnun þess verkefnis, með öflugri aðkomu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Einnig er lagt til að hlutur fasteignasjóðsins í stofnkostnaði hæfingarstöðva verði aukinn. Þá er lögð áhersla á að sett verði á stofn búsetuúrræði fyrir yngri einstaklinga en 67 ára sem nú dvelja á hjúkrunarheimilum.

Stjórn sambandsins þakkar fyrir greinargóða kynningu og telur að þær skýrslur sem nú liggja fyrir dragi fram skýra mynd af stöðunni í þessum mikilvæga málaflokki. Stjórnin leggur þunga áherslu á að sem allra fyrst verði mótaðar tillögur, og þær innleiddar í framhaldinu án tafar, um breytta kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, þar sem ríkið taki á sig verulega aukna kostnaðarábyrgð frá því sem nú er. Í þeirri vinnu verði horft til þeirrar miklu útgjaldaaukningar sveitarfélaga sem átt hefur sér stað í þessum málaflokki og kemur skýrt fram í niðurstöðum fyrirbyggjandi skýrslu um kostnaðarþróun í þjónustunni undanfarin ár. Jafnframt þarf að móta áætlun um framhald innleiðingar notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar og átak í uppbyggingu búsetuúrræða fyrir fatlað fólk og eru settar fram tillögur um fjármögnun þess verkefnis, með öflugri aðkomu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Haraldur Sverrisson vék af fundi kl. 14.20

4. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lögð fram fundargerð 13. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 11. maí 2022.

5. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lögð fram fundargerð 73. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 16. maí 2022.

Stjórn sambandsins leggur áherslu á að nýkjörnir sveitarstjórnarmenn fái sem fyrst kynningu á helstu breytingum á skyldum sveitarfélaga sem taka eiga gildi um áramót.

6. Staða kjaramála - 2109025SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 17. maí 2022, um stöðu kjaramála í maí 2022. Sviðsstjóri gerði nánari grein fyrir helstu verkefnum á borði kjarasviðs.

7. Starfshópur um umbætur á húsnæðismarkaði - 2203007SA

Lagðar fram niðurstöður starfshóps um aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði, dags. 19. maí 2022, ásamt glærukynningu og fylgiskjöllum

Stjórn sambandsins fagnar því að tillögurnar eru komnar fram og felur formanni og framkvæmdastjóra að vinna að gerð rammisamnings við ríkið á grundvelli fyrirbyggjandi tillagna.

8. Kjörnefnd - 2009414SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs, dags. 18. maí 2022, um skipun sex manna kjörnefndar sem gerir tillögu að stjórnarkjöri á landsþingi sambandsins haustið 2022, sbr. 9. gr. samþykktar sambandsins.

Þar sem Guðrún Ögmundsdóttir er látin skipar stjórnin Sabine Leskopf borgarfulltrúa í kjörnefnd í hennar stað. Að öðru leyti er skipan kjörnefndar óbreytt en í henni eiga sæti Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, Björn Gíslason, borgarfulltrúi, Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, Bjarki Bjarnason, fráfarandi bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, og Pálína Margeirsdóttir, varabæjarfulltrúi í Fjarðabyggð.

Jafnframt minnir stjórnin á að framboðsfrestur til embættis formanns stjórnar sambandsins rennur út 15. júlí n.k.

9. Tilnefning í stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar - 2204026SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 27. apríl 2022, þar sem Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu, er tilnefndur í stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar.

10. Tilnefning í flóttamannanefnd - 2204025SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 6. maí 2022, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður í flóttamannanefnd, og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til áframhaldandi setu sem varamaður.

11. Tilnefning í Kjararannsóknanefnd opinberra starfsmanna - 2205003SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 6. maí 2022, þar sem Helgi Aðalsteinsson, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefndur í Kjararannsóknanefnd opinberra starfsmanna.

12. Tilnefning í starfshóp um áföll barna - 2205006SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 16. maí 2022 þar sem Hákon Sigursteinsson, framkvæmdastjóra Barnaverndar Reykjavíkur, og Heiða Ösp

Kristjánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu Árborgar, eru tilnefnd í starfshóp um áföll barna.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

13. Tilnefning í stýrihóp um aðgengi að þjónustu fyrir börn - 2205007SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 17. maí 2022, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, eru tilnefnd í stýrihóp um aðgengi að þjónustu fyrir börn.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

14. Umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum - vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð - 2204018SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 25. apríl 2022, um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 590. mál.

15. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna - samþætting þjónustu í þágu barna, snemmtækur stuðningur - 2205016SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 17. maí 2022, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu í þágu barna, snemmtækur stuðningur), 530. mál.

16. Umsögn um fjármálaáætlun 2023-2027 - 2204006SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 16. maí 2022, um fjármálaáætlun 2023-2027, 513. mál.

Fundi var slitið kl. 15:20

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eypór Laxdal Arnalds

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

Haraldur Sverrisson

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08 2026